

Lög um heimild handa skipulagsnefnd atvinnumála til þess að krefjast skýrslna o. fl., undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 24).

Lög um viðauka við lög nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 25).

Lög um samþykkt á landsreikningnum 1932, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 26).

Lög um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 27).

Lög um bráðabirgðabreyting nokkurra laga, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 28).

Lög um eftirlit með sjóðum, er fengið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 29).

Lög um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, rafvélum, rafáhöldum o. fl., undirskrifuð af konungi sama daga (nr. 30).

Lög um eftirlit með opinberum rekstri, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 31).

Lög um varðskip landsins og skipverja á þeim, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 32).

Áfengislög, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 33).

1

11. jan.

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Siglufjarðarkaupstaðar á hafnarmannvirkjum o. fl.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefir bæjarstjórn Siglufjarðar gert eftirfarandi samþykkt:

Siglufjarðarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á ishúsi h/f Ásgeirs Péturssonar, undir Hafnarbökkum, með lóðarréttindum, og fiskimjölsverksmiðju h/f Útibús Útvegsbankans á Akureyri, undir Hafnarbökkum, með lóðarréttindum.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. janúar 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.